

35. gr.

72

Um 1. flokk vaxtabrjefa Ræktunarsjóðs eru sett þessi ákvæði sjerstaklega: 19. sept.

Vextir brjefanna skulu vera $5\frac{1}{2}\%$.

Innlausn vaxtabrjefanna skal lokið í síðasta lagi árið 1955.

Vextir af skuldabrjefum til Ræktunarsjóðs skulu vera $5\frac{1}{2}\%$ meðan lán eru veitt vegna sölu vaxtabrjefa úr 1. flokki.

Fjármálaráðuneytið, 19. sept. 1924.

Jón Þorláksson.

Gíslí Ísleifsson.

REGLUGJÖRÐ

73

19. sept.

um

hundahald í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Á kaupstaðarlóð Siglufjarðarkaupstaðar er öllum bannað að hafa hunda, en annarsstaðar í lögsagnarumdæminu og ábúendum Hafnar og Hvanneyrar getur lögreglustjóri SiSglufjarðar leyft þarfahunda, og skal hver hundeigandi hlíta ákvæðum reglugjörðar um hreinsun hunda af bandormum í lögsagnarumdæmi Siglufjarðarkaupstaðar, frá 2. mars 1920.

2. gr.

Þeim, sem nú hafa hunda, má lögreglustjóri Siglufjarðar leyfa þá óþarfa hunda, sem nú eru.

3. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 100 til 1000 kr., og er hver hundur rjettdræpur, sem finst í lögsagnarumdæminu, ef ekki er fengin heimild fyrir hann, nema hann sje í fylgd ferðamanns.

4. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. janúar 1926 og skal leyfi lögreglustjóra fyrir þarfahunda fengið fyrir þann dag.

- 73**
19. sept. Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 8, 4. júní 1924 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. september 1925.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.

74
24. sept.

GJALDSKRÁ

fyrir

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Rafmagnsveita Reykjavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

- A. Þar sem orkan er aðallega notuð til ljósa verður hún seld um kilowattstundamælir fyrir 65 aura hver kwst. (kilowattstund).
- B. Þar sem orkan er notuð til lýsingar og auk þess hlutfallslega að verulegum mun til suðu, hitunar o. þ. h. má selja hana:
 1. Um hemil fyrir 600 kr. hvert kw. (kilowatt) um árið.
 2. Um sjerstakan mæli fyrir:
 - 24 aura kwst. mánuðina nóv., des., jan. og febr.
 - 16 aura kwst. mánuðina mars, apríl, sept. og okt.
 - 12 aura kwst. mánuðina maí, júní, júlí og ágúst.
 3. Um bæði hemil og mæli fyrir 300 kr. hvert kw. um árið og auk þess 10 aura hver kwst. mánuðina nóv., des., jan. og febr., 6 aura hver kwst. mánuðina mars, apríl, sept. og okt. og 4 aura hver kwst. mánuðina maí, júní, júlí og ágúst.
- C. Þar sem orkan er notuð til vjela, verður hún seld:
 1. Á 25 aura kwst. alt árið.
 2. Á 50 aura kwst. á ljósatíma, en 16 aura kwst. utan ljósatíma.

Ljósatími er talinn:

Í sept.	frá kl. 7	e.m. til kl. 12 e.m.
- okt.	— — 5½	— — — “ —
- nóv.	— — 4	— — — “ —
- des.	— — 3	— — — “ —